

Ísafjarðarbær
 Jóhann B. Helgason,
 sviðsstjóri
 Hafnarstraði 1
 400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júlí 2008
 Tilvísun: UST20080600021/sf

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Breiðadalsvirkjun í Breiðadal við Önundarfjörð, Ísafjarðarbæ

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 2. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Breiðadalsvirkjun í Breiðadal við Önundarfjörð í Ísafjarðarbæ. Í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að nýtt aðalskipulag fyrir Ísafjarðarbæ er í vinnslu og að gert verði ráð fyrir virkjuninni í nýju aðalskipulagi.


Í umfjöllun um forsendur virkjunarinnar í greinargerð með deiliskipulaginu og í deiliskipulagsskilmálum kemur fram að gert er ráð fyrir 150 kW rennslisvirkjun. Virkjað rennsli byggist á yfirborðsrennsli og rennsli lækjar sem á upptök í Nautaskál sunnanmegin í Breiðadal. Neðan við Nautaskál er gert ráð fyrir inntakspró. Vatnspípa, sem er 30 cm breið og grafin í jörð, mun liggja sunnan við og meðfram þeim læk sem vatnsrennslið er sótt í, undir þjóðveg nr. 60 og niður að stöðvarhúsi við Breiðadalsá. Aðkoma að stöðvarhúsi verður um vegslóða með tengingu við þjóðveg 60. Rafstöðin verður sjálfstýrð og er ekki gert ráð fyrir daglegum akstri um slóðann eftir gangsetningu virkjunarinnar. Virkjunin verður tengd með jarðstreng við spennuvirki, sem staðsett er við vegamót Flateyrar.

Fyrirhugað virkjunarsvæði er vaxið lyngi og grasi með gróðurlitlum hryggjum líkt og algengt er í hlíðum dalsins. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif virkjunarinnar felist í sjónrænum áhrifum vegna mannvirkjagerðar, auk þess sem lækurinn mun þorna. Staðsetning virkjunarinnar í þróngum dalbotninum verður væntanlega ekki áberandi. Aðstæður til frágangs á svæðinu eru frekar góðar ef vel er að verki staðið.

Umhverfisstofnun gerir fyrir sitt leytí ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.
Stofnunin telur þó mikilvægt að jarðraski verði haldið í lágmarki og að vandað verði vel til
allra framkvæmda, sem og frágangs.

Virðingarfyllst


Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.
Oddur Pétursson, eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Vestfjörðum.